



Starfsábyrgðartrygging dreifingaraðila trygginga

Skilmáli SA-24

Starfsábyrgðartrygging dreifingaraðila trygginga er ætluð aðilum sem dreifa tryggingum samhliða annarri starfsemi sinni. Tryggingin bætir almennt fjártjón sem söluaðili eða starfsfólk hans kann að valda við dreifingu trygginga.

Tryggingin er gefin út samkvæmt lögum um dreifingu vátrygginga nr. 62/2019.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmálum þessum ganga frammar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. Kafli. Bótasvið

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir bætur vegna skaðabótaábyrgðar sem fellur á tryggðan vegna gáleysis við dreifingu trygginga, þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni.

Ábyrgðin skal vera rakin til starfa tryggðs sem dreifingaraðila trygginga eða starfsmanns hans við slík störf.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- tjóns sem rekja má til ásetnings tryggðs eða starfsfólks hans.
- ábyrgðar sem tryggður tekur á sig ef ábyrgðin er viðtækari en almenn bótaábyrgð hans sem aðila sem dreifir tryggingum sem aukaafurð.
- sekta eða annarra viðurlaga sem lögð eru á tryggðan söluaðila trygginga.
- líkamstjóns eða skemmda á munum.
- sölu trygginga utan Evrópska efnahagssvæðisins eða bótaábyrgðar sem er viðtækari en samkvæmt reglum sem þar gilda um skaðabótagrundvöll og ákvörðun bóta.
- tjóns, krafna eða atvika sem tryggður eða starfsfólk hans vissi af eða mátti vita af áður en tryggingin tók gildi.

2. Kafli. Almenn ákvæði

3. gr. Hver er tryggður?

Dreifingaraðili trygginga og starfsfólk hans, sem dreifir tryggingum sem aukaafurð við sína starfsemi.

4. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er innan evrópska efnahagssvæðisins.

5. gr. Tryggingarfjárhæð

Tryggingarfjárhæð í hverju tjóni og innan hvers tryggingatímabils er tiltekin á tryggingaskirteini og takmarkast ábyrgð félagsins við þá fjárhæð.

Tryggingarfjárhæðir þessar breytast eftir vísitölu, sbr. 11. gr. skilmálans.

Félagið greiðir jafnframt eðlilegan og nauðsynlegan kostnað sem tryggður stofnar til við ákvörðun um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð, enda þótt heildargreiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti, sem tryggður er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem tryggingin tekur til.

Sé tryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar sem svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

6. gr. Ábyrgðartími

Tryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn tryggðum sem til stofnast á tryggingartímanum án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark þegar hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- a. að þriðji maður geri skriflega skaðabótakröfu á hendur hinum tryggða.
- b. að tryggðum verður fyrst kunnugt um að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni sem kann að verða rakið til gáleysis tryggðs eða starfsfólks hans eða að bein hættu er á að slíkt tjón verði.

Tryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu sem stofnast hefur gegn tryggðum á tryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi 12 mánuðum eftir lok tryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á tryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan 12 mánaða eftir lok tryggingarinnar, tekur tryggingin ekki til slíks tjóns nema tryggður hafi móttakið skriflega skaðabótakröfu skv. a. lið 2. mgr. og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok tryggingarinnar.

Skaðabótakröfu skv. 2. mgr. sem rakin er til tjóns er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir félagið ekki, hafi tjón komið í ljós að einhverju leyti eða öllu áður en tryggingartíminn hófst.

7. gr. Staða tjónpola við tjón

- a. Tjónpóli getur krafist bóta beint frá félaginu ef tryggingin tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber gagnvart tjónpola.
- b. Félaginu ber að tilkynna tryggðum án ástæðulauss dráttar ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- c. Félagið getur krafist þess að tjónpóli beini málshöfðun einnig gegn tryggðum ef tjónpóli tilkynnir félaginu að hann ætli að höfða mál á hendur því. Félagið skal án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt tilkynna tjónpola um þá kröfu sína.
- d. Um stöðu tjónpola að öðru leyti fer eftir 44. gr. vsl.

8. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Jafnskjótt og tryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur tryggða hefur félagið fyrirvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málkostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef tryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður hafi aðeins gert það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

9. gr. Uppsögn tryggingar

Tryggingin fellur sjálfkrafa niður ef tryggður söluaðili trygginga fullnægir ekki lengur lögmæltum skilyrðum fyrir aðila sem dreifir tryggingu sem aukaafurð við sína starfsemi.

Félagið ber þó ábyrgð gagnvart tjónpola vegna tjónsatvika sem eiga sér stað innan 4 vikna frá því að félagið tilkynnti tryggðum og Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands að tryggingin væri fallin úr gildi.

10. gr. Endurkrafa

Félaginu er heimilt að endurkrefja tryggðan/tryggingartaka ef tjón má rekja til stórkostlegs gáleysis hans, enda sé slíkur réttur fyrir hendi samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

11. gr. Vísitölubreytingar

Tryggingarfjárhæð skv. 5. gr. miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, grunnvísitala 658,2 stig. Skal hún breytast 1. janúar ár hvert í hlutfalli við breytingar á þeirri vísitölu.

13. gr. **Aukin áhætta**

Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum, sem félaginu hefur verið skýrt frá í tryggingarbeiðni, eða á annan hátt, skal tryggingataki tilkynna félaginu um þær.

Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu tryggingartaka getur leitt til takmörkunar eða niðurfellingar á bótaskyldu félagsins.

Skilmálar þessir gilda frá 01.08.2026